

Við erum stoltar einhverfar konur

*Höfundur: Kristy Forbes
Íslensk þýðing: Kristín Vilhjálmsdóttir og Þóra Leósdóttir*

Við erum einhverfar konur.

Með mikla samkennd – sársaukafulla samkennd.

Fæddar inn í tíma, stað og heim sem við eyðum ævi okkar í að reyna að skilja og tilheyra.

Leikarar, innhverfar úthverfur eða ákaflega feimnar, úthverfar innhverfur.

Upptekna af sjálfum okkur, en ekki á þann hátt sem þú heldur.
Heilt æviskeið alhliða sjálfsskoðunar og gagnrýni.
Hvers vegna er ég öðruvísi? Hvers vegna er ég svona ofurviðkvæm?

Við lifum með byrði innsæis og andspænis okkar eigin tjáningu.
Við skrifum. Við syngjum. Við dönsum. Við málum. Við hönnum. Við sköpum.

Við erum raunverulegar. Einstakar.

En yfirleitt erum við hér til að heila og hjálpa.
Við óskum þess að aðrir búi við frið. Elski sjálfa sig. Samþykki sjálfa sig.
Við gerum allt til að svo megi verða en horfum framhá eigin þörfum.

Sem börn reynum við oft að þóknast öðrum. Erum afsakandi. Viljum ekki taka of mikið pláss, of mikla orku. Sífelld í vandræðum, skiljum aldrei alveg hvers vegna.

Oft erum við háværar, orkumiklar, með skoðanir á öllu og mótþróafullar.

Eða

Þöglar, meðfærilegar, þægilega ósýnilegar öðrum til að forðast vandræði.

Okkur finnst við bera ábyrgð. Á öllum og öllu.

Við erum vægðarlaust meðvitaðar um hvernig við skerum okkur úr.
Þróttlega, andlega, líkamlega, tilfinningalega, vitsmunalega.

Við þráum að falla í hópinn. Að tilheyra. Að skilja. Að geta túlkað hugsanir, gjörðir og orð annarra.
En um leið setjum við upp og höldum nánast fullkominni, líkamlegri grímu, svo að við virðumst venjulegri í framkomu en flest venjulegt fólk.

En það erum við ekki.

Og mesta ógæfan felst í því að ganga í gegnum lífið án tengsla við innra ljós okkar, því að við upplifum okkur sem brotna útgáfu af óeinhverfu fólki.

Og allan tímann erum við algjörlega fullkomnar og heilar útgáfur af okkar fallega, töfrandi, skapandi, þrautseiga, sterka einhverfa sjálfi.

Líkamur okkar reyna í örvæntingu að tengja okkur aftur sjálfum okkur.

Orrusta geðheilsunnar, inngreyptur kvíði og þunglyndi. Hrópar á okkur að gefast upp á baráttunni við að vera normal. Þrábiður okkur um að slaka á og tengjast eðlislægum persónuleika okkar.

Við erum umkringdar mörgum, en upplifum algjöra einsemd.

Við erum algerlega á skjön við flest það sem samfélagið telur nauðsynlegt, mikilvægt og gagnlegt. „Hvers vegna þarf ég að læra þetta?“ „Hvers vegna þarf ég að læra á þennan hátt?“ „Hvers vegna er eitt rétt og annað rangt?“

Við sjáum töfrana sem aðrir missa af.

Hafið, trén, sandkornin, litina í regnbognum, andlit barnanna okkar, streng af orðum.

Við urðum meðvitaðar og upplýstar vegna gífurlegrar, langvarandi þjáningar.

Ónauðsynlegrar þjáningar.

Við bíðum leyfis. Við þráum að einhver geri okkur normal, en ekki þannig að við verðum eins og ykkar normal.

Við engjumst yfir öllum þeim hliðum okkar sem falla ekki inn í normið og við bíðum svars, hvers vegna og hvenær fáum við að vita að til sé skýring, nafn yfir þessa verund, sem gerir hana normal, sem gerir hana allt í lagi fyrir okkur.

Fíkn.

Áfengi, eiturlyf, matur, kynlíf, allt sem fjarlægir okkur frá sársaukanum sem fylgir því að vera við.

Við spyrjum hvers vegna.

Hvers vegna ég? Hvað er rangt við mig?

Angist.

Og svo fá sumar okkar greiningu.

Ef til vill verðum við margs vísari um okkur sjálfar vegna greininga barna okkar.

Ef til vill lesum við eitthvað sem leiðir okkur að svarinu.

En þegar svarið er komið umturnar það lífinu.

Umbreyting.

Hverri einustu spurningu sem við höfðum um okkur sjálfar er svarað.

Allt sem við upplifðum sem afbrigðilegt verður venjulegt.

Og stundum vill fólk taka það frá okkur.

Það segir gjarnan að við séum öðruvísi, það sé engin spurning.

En einhverfar? Virkilega?

Vinsamlegast gerið okkur það ekki.

Greiningin er valdeflandi, hún gefur okkur leyfi til að vera þær sem við erum, sem við höfum verið alla tíð.

Við höfum tilgang. Við höfum vald. Við elskum okkur sjálfar, samþykkjum okkur sjálfar. Við finnum okkar eigin rödd. Við mætum okkur sjálfum.

Við vitum hverjar við erum og núna getum við kannað og uppgötvað þær góðu gjafir sem einhverfan hefur fært okkur.

Nú getum við komist að því hvers VIÐ þörfnumst sem einhverfar konur.

Og líf okkar getur orðið eins og það átti að verða.

Við getum hafið bataferlið, jafnað okkur, bætt okkur þetta upp, sæst við allt það innra með okkur sem við höfðum áður hafnað; hatað.

Baráttan er ekki á enda.

En þetta er ekki jafn erfitt og áður, þegar við vissum ekki hverjar við vorum.

Þegar við lifum í samræmi við okkur sjálfar og segjum stoltar frá því hverjar við erum drögum við að okkur fólk sem er eins og við.

Og við þökumst áfram.

Við hlustum, gefum líkömum okkar gaum.

Við heiðrum taugakerfi okkar.

Vinsamlegast veitið okkur það frelsi.

Við erum búnar að bera merkimiða alls kyns raskana.

Kvíðaröskunar, þunglyndis, geðhvarfasýki, persónuleikaröskunar...oftsinnis rangt greindar.

Eða

við höfum sjúkdómshert öll þessi einstaklega normal sérkenni...

kveneinverfu.

Áttið ykkur vinsamlegast á því að þegar við segjum Nei, krefst það kjarks.

Kjarks sem er djúpstæður og óviðjafnanlegur.

Áttið ykkur vinsamlegast á því að þegar við mætum krefst það kjarks.
Kjarks sem er djúpstæður og óviðjafnanlegur.

Áttið ykkur vinsamlegast á því að þegar við tjáum okkur opinskátt við ykkur krefst það kjarks.
Kjarks sem er djúpstæður og óviðjafnanlegur.

Og vinsamlega viðurkennið að allt og hvaðeina sem við gerum er til komið vegna ævilangrar baráttu
og viðvarandi þrautseigju.

Við erum einhverfar konur.

Stoltar einhverfar konur.

Við erum vitrar, með innsæi, innstilltar og bundnar af náttúrulögmálum.

Við höfum engar varnir gagnvart því hverjar við erum og hvernig við erum.

Við erum nátengdar einhverju sem er ekki af þessum heimi.
Uppsprettu, Guði, alheimsorku, jörðinni.

Við skiljum það ekki til fulls, en höfum það að leiðarljósi.

Tunglið varpar á okkur ljósi, hafið vaggar okkur, frumefnin rekja okkur sundur, jörðin tengir okkur.

Við erum vakandi.

Við erum einhverfar konur.
Stoltar einhverfar konur.